



## Fundargerð

1498. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12  
9. janúar 2025, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir bæjarstjóri, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

\* \* \*

### 1. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Umræður um stöðu verkefnisins.

### 2. Hjúkrunarheimili - reitur á Ásbrú (2025010095)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri Kadeco mættu á fundinn.

Umræður um nýtt hjúkrunarheimili í Reykjaneshæ.

### 3. Heimild til lántöku (2024040272)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Bæjarráð Reykjaneshæjar samþykkir 5-0 að óska eftir lánalínu hjá Landsbankanum hf., að höfuðstól allt að kr. 300.000.000,-, með lokagjalddaga þann 28. febrúar 2027.

Sveitarfélagið hefur ákveðið að fjárfesta í húsnæði að Grænásbraut 910, 262 Reykjaneshæ sem mun nýtast til framtíðar sem menntastofnun á Ásbrú.

Regínu Fannýju Guðmundsdóttur, kt. 131169-3379, fjármálastjóra og prókúruhafa, er veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánaskjöl sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

**4. Gjaldskrá 2025 - afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega (2024050440)**

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Lögð fram til kynningar gjaldskrá um afslátt til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti á árinu 2025.

**5. Breyting á skipan fulltrúa í stjórn Reykjanes jarðvangs (2024010091)**

Kjartan Már Kjartansson fer út sem aðalmaður, Valgerður Björk Pálsdóttir verður aðalmaður. Valgerður Björk Pálsdóttir fer út sem varamaður, Kjartan Már Kjartansson verður varamaður.

Samþykkt 5-0.

**6. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 6. desember 2024 (2025010048)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

**7. Endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna (2024100271)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni um kynningarfundir um endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.